

Mánudaginn 11. nóvember 1968.

Nr. 92/1968. **Bæjarútgerð Reykjavíkur**
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

gegn
Guðjóni Jónssyni og
(Egill Sigurgeirsson hrl.)

Guðjón Jónsson
gegn

**Bæjarútgerð Reykjavíkur og Sjóvátrygging-
arfélagi Íslands h/f til réttargæzlu.**

Dó m e n d u r :

hæstaréttardómarmennir Jónatan Hallvarðsson, Einar Arnalds og
Logi Einarsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Theodór
B. Línadal.

Vinnuslys. Fyrning sjókröfu.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur með stefnu 6. maí 1968 skotið til Hæstaréttar dómum, er upp voru kveðnir í sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur 20. janúar 1966 og 15. marz 1968. Hann krefst sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 20. maí 1968. Gerir hann þær dómkröfur, að áfrýjun dóms sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur, sem upp var kveðinn 20. janúar 1966, verði dæmd ógild og að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 63.708.00 með 7% ársvöxtum frá 11. september 1962 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og með 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Hann krefst og, að viðurkenndur verði með dómi sjóveðréttur í b/v Skúla Magnússyni, RE 202, til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Dómi sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur frá 20. janúar 1966 var ekki áfrýjað sérstaklega samkvæmt heimild í 5. málsg. 71. gr. laga nr. 85/1936, en áfrýjun sakarefnis í

heild, beggja dómanna, var heimil innan þriggja mánaða frá uppsögu síðari dómsins.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um óskipta fébótaábyrgð aðaláfrýjanda á tjóni gagnáfrýjanda. Samkvæmt 13. gr. siglingalaga nr. 56/1914, sem voru í gildi, er slysið varð hinn 11. febrúar 1962, var ábyrgðin takmörkuð við skipið, b/v Skúla Magnússon, RE 202. Stefna í framhaldssök var birt 28. febrúar 1968, en skipið var selt úr landi til niðurrifs hinn 17. júlí 1967. Sjóveðréttur fyrir framhaldskröfunni var þá fallinn niður fyrir fyrningu samkvæmt 251. gr. greindra laga. Þar sem þessi sjóveðréttarkrafa hvíldi eigi lengur á skipinu, er sala fór fram, voru skilyrði 241. gr. sömu laga fyrir stofnun sjálfskuldarábyrgðar aðaláfrýjanda eigi fyrir hendi. Samkvæmt þessu er eigi unnt að taka kröfu gagnáfrýjanda í framhaldssök til greina. Hins vegar varð aðaláfrýjandi samkvæmt sömu lagagrein sjálfskuldaraðili að réttmætum kröfum gagnáfrýjanda í frumsök, en sjóveðréttur féll að sjálfsögðu niður við niðurrif skipsins.

Í frumstefnu krefst gagnáfrýjandi bóta fyrir vinnutekju-
tap, kr. 20.000.00, og fyrir þjáningar, lýti og röskun á stöðu og högum, kr. 10.000.00. Eftir málavöxtum þykir bera að taka þessar fjárhæðir að fullu til greina með þeim vöxtum, sem krafizt er. Þá þykir rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 20.000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Bæjarútgerð Reykjavíkur, greiði gagnáfrýjanda, Guðjóni Jónssyni, kr. 30.000.00 með 7% ársvöxtum frá 11. september 1962 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og með 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo kr. 20.000.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 20. janúar 1966.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 5. þ. m., hefur Guðjón Jónsson sjómaður, Bergstaðastræti 96 hér í borg, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 2. september 1964, á hendur Bæjarútgerð Reykjavíkur til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 35.000.00 með 8% ársvöxtum frá 11. september 1962 til greiðsludags og málskostnaðar að mati dómsins. Þá krefst stefnandi og viðurkenningar á sjóveðrétti í b/v Skúla Magnússyni, RE 202, fyrir dæmdum fjárhæðum.

Af hálfu stefnda er krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati dómsins.

Að ósk lögmanna aðilja við munnlegan flutning málsins ákvað dómurinn samkvæmt ákvæði 5. mgr. 71. gr. laga nr. 85/1936, að málið skyldi nú aðeins flutt um fébótaábyrgð stefnda á tjóni stefnanda af völdum slyss þess, er fjallað er um í máli þessu, en lögmennirnir áskildu sér rétt til að fjalla um fjárhæð fébótanna að gengnum dómi um hið fyrrgreinda sakarefni.

Af hálfu stefnanda eru þær dómkröfur gerðar í þessum þætti málsins, að viðurkennd verði óskipt fébótaábyrgð stefnda á tjóni stefnanda af völdum slyss þess, er hann varð fyrir hin 11. september 1962, og að stefnda verði gert að greiða stefnanda málskostnað í þessum þætti málsins. Þá er og krafizt sjóveðréttar í b/v Skúla Magnússyni, RE 202, fyrir dæmdum fjárhæðum.

Af hálfu stefnda eru þær dómkröfur gerðar í þessum þætti málsins, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum jafnframt dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f hefur verið stefnt til réttargæzlu í málinu. Á hendur því eru engar kröfur gerðar, og ekki hafa verið hafðar uppi kröfur af þess hálfu í málinu.

Málavextir eru þessir:

Þriðjudaginn hinn 11. september 1962 var b/v Skúli Magnússon að veiðum á Nýfundnalandsmiðum, og var stefnandi, sem var háseti á skipinu, að störfum á þilfari. Hafði hann verið skipverji á togurum af og til í fjögur ár. Er verið var að taka inn bakborðsvörpu skipsins, vildi það til, að með henni komu upp gamlar netjakúlur, er vafizt höfðu utan um rópkeðjuna. Er kúlurnar komu upp á borðstokkinn, sprungu a. m. k. tvær þeirra, og lentu brot úr þeim í vinstri hendi stefnanda. Hlaut hann af því meiðsli á hendinni, og brotaði litli finger. Þegar eftir slysið var búið að

sárum stefnanda, og var hann frá vinnu, það sem eftir var ferðarinnar. Komst hann undir læknishendur hinn 20. september, er skipið kom til Reykjavíkur. Kom fram, að um brot inn í lið var að ræða á fremstu kjúku litla fingurs vinstri handar.

Kröfur stefnanda eru á því byggðar, að slys þetta hafi orðið fyrir handvömm og vangæzlu skipstjórnarmanna og skipverja, sem stefndi beri ábyrgð á. Er því haldið fram í því sambandi, að raunverulega hafi enginn stjórnað verki, er verið var að hífa vörpuna. Þá er því haldið fram, að stefnandi hafi verið að vinna að hættulegum störfum, en auk þess hafi hér verið um að ræða bilun eða tjón á hlutum, enda verði að telja, að stefndi beri ábyrgð á tjóni, sem verður með þeim hætti, að hlutir splundrist snögglega við að verða fyrir hnjaski.

Sýknukrafa stefnda er á því byggð, að slys stefnanda hafi orðið fyrir hreina óhappatilviljun og sé hvorki að kenna lélegri verkstjórn né galla á skipinu eða tækjum þess. Umræddar aluminíumkúlur hafi verið aðskotahlutir, sem komið hafi upp með vörpu skipsins, og verði skipstjórnarmönnum og þeim, sem ábyrgð bera á störfum þeirra, á engan hátt um kennt. Þá er því admælt, að reglur skaðabótaréttar um hættulegan atvinnurekstur komi hér til álita.

Stefnandi hefur skýrt svo frá, að hann hafi verið pokamaður, er unnið var við að taka inn vörpuna, og hafi hann staðið aftan við rópinn. Er varpan kom upp, kveður hann í ljós hafa komið, að lengja af netjakúlum úr aluminíum hafi verið þannig flækt um hlekki á rópkeðjunni, sem hann hafi átt að koma króki í, að það hafi ekki verið hægt. Hann kveður togað hafa verið í togvírinn eins og venjulega og hafi hlekkirnir verið komnir upp á borðstokkinn og kúlurnar með. Við það kveður hann kúlurnar hafa þrýstst að borðstokknum og sprungið. Hann kveður brot úr kúlunum hafa kastast í vinstri hönd sína og hafi hann við það sjálfur kastast í burtu. Stefnandi kveður búið hafa verið að toga togvírinn á enda, en ekki kveðst hann þó vita, hvort togvindan hafi verið stöðvuð. Er slysið varð, kveðst stefnandi hafa verið að koma króki í hlekkina á rópkeðjunni. Hann kveður bátsmanninn hafa verið við togvinduna, en kveður hann hafa hlaupið til sín til að hjálpa til við að koma króknum í hlekkina og hafði bátsmaðurinn verið búinn að vera við það nokkurn tíma, þegar slysið varð. Ekki kveðst stefnandi vita, hvort togvindan var stöðvuð á meðan.

Pétur Þorbjörnsson, sem var 1. stýrimaður á b/v Skúla Magnús-

syni í umræddri veiðiferð, var sjónarvottur að slysinu, þar sem hann var á stjórnþalli við hliðarglugga bakborðsmegin. Hann kveður nokkrar gamlar netjakúlur úr alumíníum hafa komið upp með vörpunni og hafi þær verið fastar og vafðar þannig um rópstroffu, að illa hafi gengið að koma króki í festingu á bobb- ingaendanum. Muni kúlurnar síðan hafa orðið fyrir einhverju hnjaski á borðstokknum og hafi tvær þeirra sprungið með háum hveli. Brot úr kúlunum hafi hrokkið í vinstri hönd stefnanda og hafi hann við það meiðzt á litla fingri, baugfingri og löngu- töng. Pétur kveður það koma mjög oft fyrir, að gamlar netja- kúlur, sem komi upp með vörpunni, molni, detti í sundur og springi eða splundrist, án þess að slíkur kraftur sé í sprenging- unni, að brotin þeytist í allar áttir. Kveður Pétur sér ekki kunn- ugt um, að slys hafi hlotizt af slíkum atburði, fyrr en stefnandi máls þessa slasaðist. Pétur kveðst aðeins hafa vitað til þess einu sinni áður, að netjakúlur úr alumíníum hafi sprungið með mikl- um krafti, og hafi það verið, er þeim var slegið saman viljandi. Ekki kveðst Pétur minnst þess, að nein sérstök óvarkárni hafi verið höfð í frammi við togvinduna, en ekki kveðst hann muna, hvort hún hafi verið stöðvuð, er kúlurnar sprungu.

Guðmundur Helgason, bátsmaður á b/v Skúla Magnússyni, var einnig sjónarvottur að umræddu slysi. Hann kveðst hafa verið við togvinduna, en síðan hafa stöðvað hana og farið stefnanda til hjálpar við starf hans. Kveðst hann hafa verið hjá stefnanda og verið að aðstoða hann við að ná inn vörpunni, þegar slysið varð. Hann kveðst hafa séð kúlurnar snerta borðstokkinn og telur, að þær hafi ekki þolað það. Guðmundur kveðst hafa verið á togurum frá því á árinu 1958 og starfað sem bátsmaður í tæp 2 ár.

Það er ekki óalgengt við togveiðar, að gamlar netjakúlur komi upp með vörpu og togvírur, og er ekki um slíkt að sakast við skipstjórnarmenn. Það er regla á íslenskum togurum, að báts- maður stjórnri verkum á þilfari á annarri vökunni. Það er ekki í ljós leitt, að nein vangæzla hafi verið höfð við að hífa vörpuna með togvindunni, og verður í því sambandi að leggja til grund- vallar, að vindan hafi verið stöðvuð, er Guðmundur Helgason bátsmaður fór að aðstoða stefnanda við verk hans. Það er ljóst, að netjakúlurnar, sem vafizt höfðu utan um rópkeðjuna, hafi skapað stefnanda nokkra erfiðleika við verk það, sem hann átti að framkvæma, og hefur hann við það þurft að vera alveg við kúl- urnar. Stýrimanni þeim, sem á stjórnþalli var og var sjónar-

vottur að atburðinum, var kunnugt um vissa eiginleika, sem slíkar netjakúlur kunna að hafa og hætta getur stafað af, þótt ekki hafi honum verið kunnugt um, að slys hafi áður af hlotizt. Gaf hann þó stefnanda ekki fyriræmi um að framkvæma verkið á annan hátt, sem þó átti að vera hægt. Verður því að telja, að ekki hafi verið viðhöfð nægileg aðgæzla við stjórn verksins og því verði að leggja á stefnda óskipta fébótaábyrgð á tjóni stefnanda af völdum slyssins.

Eftir atvikum þykir rétt, að ákvörðun um viðurkenningu sjóveðréttar bíði, þar til fjallað verður um fjárhæð fébótanna.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt samdómendunum Eiríki Kristóferssyni, fyrrverandi skipherra, og Halldóri Gíslasyni skipstjóra.

Dómsorð:

Viðurkennd er óskipt fébótaábyrgð stefnda, Bæjarútgerðar Reykjavíkur, á tjóni stefnanda, Guðjóns Jónssonar, af völdum slyss þess, er hann varð fyrir um borð í b/v Skúla Magnússyni, RE 202, hinn 11. september 1962.

Stefndi greiði stefnanda kr. 3.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 15. marz 1968.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 1. þ. m., hefur Guðjón Jónsson sjómaður, Bergstaðastræti 96 hér í borg, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni hinn 2. september 1964, á hendur Bæjarútgerð Reykjavíkur til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 35.000.00 með 8% ársvöxtum frá 11. september 1962 til greiðsludags og málskostnaðar að mati dómsins. Þá hefur stefnandi krafizt viðurkenningar á sjóveðrétti í b/v Skúla Magnússyni, RE 202, fyrir dæmdum fjárhæðum.

Af hálfu stefnda hefur verið krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómsins.

Að ósk lögmanna aðilja var sakarefninu skipt samkvæmt ákvæði 5. mgr. 71. gr. laga nr. 85/1936 og málið fyrst tekið til úrlausnar um fébótaábyrgð stefnda á tjóni stefnanda af völdum slyss þess, sem fjallað er um í máli þessu.

Með dómi, uppkveðnum hinn 20. janúar 1966, var viðurkennd óskipt fébótaábyrgð stefnda, Bæjarútgerðar Reykjavíkur, á tjóni

stefnanda af völdum slyss þess, sem hann varð fyrir um borð í b/v Skúla Magnússyni, RE 202, hinn 11. september 1962.

Með framhaldsstefnu, útgefinni hinn 28. febrúar 1968, voru dómkröfur stefnanda hækkaðar og þess krafizt, að Bæjarútgerð Reykjavíkur verði dæmd til að greiða stefnanda kr. 63.708.00 eða aðra lægri fjárhæð ásamt 7% ársvöxtum af dæmdri fjárhæð frá 11. september 1962 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í. Þá var sem fyrr krafizt viðurkenningar á sjóveðrétti í b/v Skúla Magnússyni, RE 202, fyrir öllum dæmdum kröfum.

Af hálfu stefnda eru þær dómkröfur gerðar í greinargerð framhaldssakar, að stefndi verði dæmdur til að greiða fjárhæðir, sem séu lægri en kröfur stefnanda.

Sjóváttryggingarfélagi Íslands hefur verið stefnt til réttargæzlu í málinu. Á hendur réttargæzlustefnda eru engar kröfur gerðar, og ekki hafa verið hafðar uppi kröfur af hans hendi í málinu.

Málavextir eru þeir, að þriðjudaginn 11. september 1962 var b/v Skúli Magnússon á veiðum á Nýfundnalandsmiðum. Stefnandi, sem var háseti á skipinu, var að störfum á þilfari. Er verið var að taka inn bakborðsvörpu skipsins, vildi það til, að upp komu með henni gamlar netjakúlur, er vafizt höfðu utan um rópkeðjuna. Er kúlurnar komu upp á borðstokkinn, sprungu a. m. k. tvær þeirra, og lentu brot úr þeim í vinstri hendi stefnanda. Hlaut hann af því meiðsli, og m. a. brotnaði litli fingur. Þegar eftir slysið var búið að sárum stefnanda, og var hann frá vinnu, það sem eftir var ferðarinnar. Komst hann undir lækniendahendur hinn 20. september, er skipið kom til Reykjavíkur.

Hinn 28. júní 1966 mat Páll Sigurðsson læknir örorku. Í mati læknisins segir svo um grundvöll þess og niðurstöðu:

„Samkvæmt slysatilkynningu varð slysið með þeim hætti, að slasaði, sem vann sem netamaður á botnvörpungnum Skúla Magnússyni, var við vinnu á dekki að taka inn trollið, en þegar slasaði ætlaði að krækja í eina netakúlu, þá sprakk kúlan, og við það meiddist hann á vinstri hendi.

Slasaði kom til lækni 8 dögum eftir slysið og í vottorði Hauks Kristjánssonar, yfirlæknis á Slysavarðstofu, 16. 10. 1962, þá var um að ræða bólgu og eymsli á vinstra litla fingri, og er sjúkdómsgreining *fractura phal. dist. dig. v. man. sin et contusio dig. III et IV man. sin.* Í athugasemdum í sama vottorði segir, að maðurinn hafi komið með 11 daga gamalt brot inn í lið basalt í fremstu kjúku og hafi verið mikil *dislocatio*, sem ekki hafi verið

hægt að reponera, og að maðurinn muni því hafa talsverða örorku í framtíðinni.

Maðurinn hefur ekki komið til viðtals hjá undirrituðum nú, en það liggur fyrir nýtt vottorð frá héraðslækninum í Ólafsfirði, Hreggviði Hermannssyni, dags. 12. 4. 1966, og segir þar svo:

„Guðjón Sævar Jónsson, f. 26. 3. 1941, kv. sjómaður, Vesturgata 9, Ólafsfirði. Viðkomandi slasaðist 11. 9. 1962, þá starfandi hjá Bæjarútgerð R.víkur. Gert var að meiðslum á Slysavarðstofu R.víkur, en þar er hægt að fá allar upplýsingar um, hvernig meiðslum var háttað. Sjúkl. segir, að hann hafi fengið brot á fremsta köggli litla fingurs v. handar og sprungu í fremsta köggul baugfingurs og löngu tangar v. handar.

Sjúklingur telur sig jafngóðan í hendi að öðru leyti en því, að hann þolir mjög illa kulda á litla fingri, sem hann segir hvítna upp, dofna og fær þá seiðingsverk í hann, eins eymsli ef tekið er um fremstu liðamót þess fingurs.

Objectift: Basis á phalanx III digiti V man. sin. er mun breiðari v. megin en h. megin gæti verið eftirstöðvar eftir brot í gegnum köggulinn. Hreyfing í liðnum lítil sem engin ca. 10°.

Ályktun: Hér er um að ræða 25 ára gamlan mann, sem slasast við vinnu sína fyrir nærri fjórum árum. Við slysið hlaut hann brot á litla fingri vinstri handar og marðist á baugfingri og löngutöng sömu handar. Hann kom til læknis 11 dögum eftir meiðslið, og var þá ekki hægt að gera að brotinu.

Sem afleiðing meiðslisins nú þá hefur maðurinn nokkra aflögun á yztu kjúku litla fingurs vinstri handar og stirðleika í yzta lið fingursins. Auk þess þolir hann illa kulda og er aumur í liðnum.

Vegna slyssins þá hefur maðurinn hlotið tímabundna og varanlega örorku, og telst sú örorka hæfilega metin þannig:

Í hálfan mánuð	100%	örorka
Í hálfan mánuð	75%	—
Í einn mánuð	50%	—
Í einn mánuð	25%	—
Í einn mánuð	10%	—
og síðan varanleg örorka 2%.		

Á grundvelli örorkumats þessa hefur Guðjón Hansen tryggingafræðingur reiknað áætlað verðmæti tapaðra vinnutekna stefnanda.

Í bréfi tryggingafræðingsins, dags. hinn 25. janúar 1967, segir

svo um grundvöll útreikningsins og niðurstöðu, auk þess sem þar er rakin niðurstaða örorkumats Páls Sigurðssonar læknis:

„Guðjón er sagður fæddur 26. marz 1941 og hefur samkvæmt því verið 21 árs að aldri, er hann varð fyrir slysi því, er hér um ræðir. Í bréfi yðar, herra hæstaréttarlögmaður, dags. 13. desember 1966, takið þér fram, að hann hafi verið togaramaður hjá Bæjarútgerð Reykjavíkur, er hann slasaðist, en hafi starfað sem bátasjómaður eftir slysið. Hins vegar hafið þér ekki látið í té upplýsingar um vinnutekjur Guðjóns.

Með hliðsjón af ofanrituðum upplýsingum um störf Guðjóns hef ég aflað mér vitneskju um greiðslur til Lífeyrissjóðs togarasjómannanna (er nú nefnist Lífeyrissjóður togarasjómannanna og undirmanna á farskipum) hans vegna. Eru fyrstu greiðslur frá árinu 1958, en hinar síðustu frá ársbyrjun 1966. Árin 1959, 1963 og 1964 hafa greiðslur verið nokkuð reglubundnar, en stopulli árin 1960—1962 og 1965. Árin 1959—1962 hafa iðgjöld til sjóðsins verið greidd af eftirfarandi tekjum:

Árið 1959	kr. 63.731.00	(266 d.)
— 1960	— 25.873.00	(129 d.)
— 1961	— 12.719.00	(35 d.)
— 1962	— 59.860.00	(171 d.)

Þegar tekið er tillit til aldurs Guðjóns framan af þessu tímabili svo og hins, að sennilega hefur hann haft verulegar tekjur af öðrum störfum, sbr. hinn tilgreinda dagafjölda á togurum hér að ofan, tel ég ekki unnt að styðjast við ofangreindar tekjur, þegar framtíðar vinnutekjur eru áætlaðar. Hins vegar tel ég ekki annan grundvöll eðlilegri en reiknaðar tekjur togarasjómannanna, sem að neðan greinir.

Við útreikning á árstekjum háseta á togurum er ég vanur að styðjast við upplýsingar frá Bæjarútgerð Reykjavíkur um launagreiðslur á togurum þess fyrirtækis svo og kjarabreytingar (hækkun fastra launa og fiskverð), sem átt hafa sér stað. Miðað við 300 daga úthald á ári reiknast mér þá árstekjur vera sem hér segir:

Árið 1962	kr. 87.726.00
— 1963	— 103.897.00
— 1964	— 111.887.00
— 1965	— 126.635.00
— 1966	— 149.744.00
Frá 1. 1. 1967	— 159.361.00

Mér virðist leika vafi á, hvort rétt sé hér að reikna með lífeyrisréttindum togarasjómannna (Guðjón hefur tekið út inneign sína í lífeyrissjóðnum), en þau réttindi er ég vanur að reikna á þann hátt, að framlagi vinnuveitanda (6% af launum) er bætt við vinnutekjurnar, en í staðinn gert ráð fyrir, að starfi sé hætt eigi síðar en við 65 ára aldur.

Miðað við þann tekjugrundvöll, sem hér hefur verið lýst, reiknast mér verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi nema:

	Án lífeyris- réttinda	Með lífeyris- réttindum
Vegna tímabundins orkutaps í 4 mán. kr. 12.233.00	kr. 12.233.00	kr. 12.967.00
Vegna varanlegs orkutaps eftir það .. — 39.316.00	— 39.316.00	— 40.841.00
	Samtals kr. 51.549.00	kr. 53.808.00

Við útreikning hefur ekki verið tekið tillit til greiðslna, sem slasaði kann að hafa fengið frá Tryggingastofnun ríkisins vegna slyssins.

Reiknað er með 7% töflum um starfsorkulíkur, samræmdum eftirlifendatöflum íslenskra karla 1951—1960“.

Hinar endanlegu dómkröfur stefnanda eru sundurliðaðar þannig:

1. Vinnutekjutap samkvæmt tjónútreikningi	kr. 58.808.00
2. Bætur fyrir þjáningu, lýti og röskun á stöðu og högum	— 10.000.00
3. Kostnaður við örorkumat	— 1.500.00
4. Kostnaður við tjónútreikning	— 2.400.00
	Kr. 67.708.00
Frá þessari fjárhæð hefur stefnandi dregið greiðslu frá Brunabótafélagi Íslands	— 4.000.00
	Kr. 63.708.00

Verður nú afstaða tekin til hinna einstöku kröfuliða.

Um 1. Kröfuliður þessi er byggður á örorkumati Páls Sigurðssonar læknis og tjónútreikningi Guðjóns Hansens tryggingafræðings. Af hálfu stefnda er fjárhæð kröfuliðs þessa mótmælt sem of hárrí. Er því haldið fram, að eigi hafi verið sýnt fram á, að

stefnandi hafi orðið fyrir slíku raunverulegu tjóni, að bótakrafa hans sé í nokkru samræmi við raunverulegar afleiðingar þess, enda skipti læknisfræðilegt örorkumat ekki máli um tekjuöflunarhæfi stefnanda, þar sem niðurstaða matsins sé aðeins 2% varanleg örorka. Það kemur fram af gögnum málsins, að stefnandi hefur orðið af einni veiðiferð með skipinu, en hefur fengið nokkuð kaup þann tíma. Hefur hann síðan byrjað að starfa að nýju hjá stefnda. Þegar virt er það, sem hér hefur verið rakið, og haft í huga annað það, sem máli þykir skipta við ákvörðun bóta sem þessara, þá þykir fjárhæð þessa kröfuliðs hæfilega ákveðin kr. 25.000.00.

Um 2. Kröfuliður þessi hefur ekki sætt tölulegum andmælum af hálfu stefnda. Verður hann því tekinn til greina að fullu.

Um 3. og 4. Kröfuliðir þessir eru studdir framlögðum reikningum og hafa ekki sætt tölulegum andmælum. Eftir öllum atvikum þykir rétt að taka afstöðu til þeirra við ákvörðun málskostnaðar.

Samkvæmt þessu verður stefnda gert að greiða stefnanda kr. 35.000.00 (25.000.00 + 10.000.00) að frádregnum kr. 4.000.00, sem stefnandi hefur fengið greiddar frá Brunabótafélagi Íslands. Verður stefndi því dæmdur til að greiða stefnanda kr. 31.000.00 með vöxtum, sem ákveðast 7% frá 11. september 1962 til 1. janúar 1965, 6% frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% frá þeim degi til greiðsludags. Eftir þessum úrslitum verður stefnda gert að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 12.000.00, þar með talinn kostnaður við örorkumat og örorkutjónsútreikning.

Þótt b/v Skúli Magnússon hafi nú verið seldur úr landi, þykir stefnandi eiga rétt á að fá viðurkennt með dómi, að kröfur hans samkvæmt ákvæði 4. tl. 236. gr. laga nr. 56/1954, sbr. nú ákvæði 4. tl. 216. gr. laga nr. 66/1963, hafa notið sjóveðréttar í skipinu og þess réttar, sem af því leiðir. Verður því viðurkenndur sjóveðréttur í b/v Skúla Magnússyni, RE 202, fyrir dæmdum fjárhæðum.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt Eiríki Kristóferssyni, fyrrverandi skipherra, og Guðmundi Hjaltasyni skipstjóra.

Dómsorð:

Stefndi, Bæjarútgerð Reykjavíkur, greiði stefnanda, Guðjóni Jónssyni, kr. 31.000.00 með 7% ársvöxtum frá 11. september 1962 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til

1. janúar 1966 og með 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 12.000.00 í málskostnað.

Viðurkenndur er sjóveðréttur stefnanda til handa í b/v Skúla Magnússyni, RE 202, fyrir dæmdum fjárhæðum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 13. nóvember 1968.

Nr. 97/1968. Strandberg h/f

(Páll S. Pálsson hrl.)

gegn

Guðfinnu Ástu Strandberg

(Áki Jakobsson hrl.)

og

Guðfinna Ásta Strandberg

gegn

Strandbergi h/f, Erni Baldvinssyni

og Guðjóni Baldvinssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Nafnréttur. Ættarnafn. Firma. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 9. maí 1968, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. s. m. og krafizt sýknu af kröfum gagnáfrýjanda, Guðfinnu Ástu Strandbergs, og málskostnaðar úr hennar hendi bæði í hér- aði og hér fyrir dómi.

Gagnáfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 29. maí 1968, áfrýjað málinu með stefnu sama dag og krafizt þess, að aðaláfrýjanda, Strandbergi h/f, verði dæmt skylt að fella niður úr firmaheiti sínu nafnið „Strandberg“ og afmá það úr hlutafélagaskrá. Þá hefur gagnáfrýjandi krafizt þess,